

Bstj. 4. nóvember 2008

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Á sunnudaginn var birt Morgunblaðið skoðanakönnun sem ekki er aðeins athyglisverð fyrir það að fylgi flokkanna er að breytast og kjósendur hallast í æ ríkara mæli til félagshyggju. Það sem er ekki síður athyglisvert er mælingin á tilfinningalífi almennings þessa dagana. Spurt var að því hvað af eftirtöldu lýsir best líðan þinni eftir að efnahagskreppan skall á. Aðeins 13-14% aðspurðra töldu að góðar tilfinningar eins og jákvæðni og bjartsýni réðu líðan sinni en 25-66% tjáðu sig um það að kvíði, reiði og óvissa væru tilfinningarnar sem helst réðu ferðinni.

Þetta kemur kannski fæstum á óvart og sjálfsagt geta flestir hér inni samsvarað sig með þjóðinni. Við höfum orðið fyrir persónulegum skakkaföllum og sennilega eigum við öll ættingja og/eða vini sem hafa orðið fyrir miklum efnahagslegum áföllum. Ástandið snertir alla djúpt og sögurnar eru margar. Ein er til dæmis af fullorðnu alþýðufólki sem hafði tekist að nurla saman í sjóð sem ætlaður var fatlaðri dóttur þeirra ef þau féllu frá á undan henni. Sjóðurinn hvarf í bankagjaldþrotinu.

Tilfinningaviðbrögð við ástandi sem þessu í mínu tilfelli voru sorg og síðan reiði. En svo áttaði ég mig á því að ég er heppinn. Ég er í þeirri stöðu að geta haft áhrif á gang mála. Að það er mitt hlutverk eins og allra annarra stjórnámálanna að gera allt sem í okkar valdi stendur til að verja og styrkja velferðarkerfið. Að öryggisnetið verði alltaf svo tryggt að enginn þurfi að hafa áhyggjur af sér eða sínum þegar heilsuna brestur eða atvinnuleysið og fátæktin ber að dyrum. Við, sem hér erum, búum við þann lúxus að vera með vinnu í í það minnsta eitt og hálf t ár til viðbótar. Í það minnsta. Það er svo sannarlega ekki sjálfsagt mál eins og útlitið er núna.

Samkvæmt heimasíðu Vinnumálastofnunar í dag eru atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu orðnir 2.709. 1.001 kona og 1.608 karlar. Gjaldþrotum fyrirtækja fjölga dag frá degi og því miður er mun meira atvinnuleysi í pípunum. Við, stjórnmalafólk í Reykjavík, sem erum kosin af alþýðu borgarinnar, verðum að setja það í forgang að allir hafi þak yfir höfuðið, fæði og klæði og allir fái tækifæri til að lifa með reisn. Fólkið sem kaus okkur vissi ekki við hverju var að

Bstj. 4. nóvember 2008

búast frekar en við sem hér erum. Hefði Morgunblaðið gert svipaða skoðanakönnun í maí 2006 hefði útkoman orðið allt önnur. Það þarf ekki annað en að skoða væntingarvísitölu frá þeim tíma til að sjá að þá réði bjartsýni og jákvæðni líðan þorra borgarbúa.

Aðgerðaáætlun borgarstjórnar frá 7. október er dýrmæt að mínu mati fyrst og fremst fyrir þrennt. Þar hétum við því að allir borgarstarfsmenn halda vinnu sinni, gjaldskrár munu ekki hækka og staðinn verður vörður um grunnþjónustu. Þetta voru mikilvæg skilaboð sem komu á hárréttum tíma í upphafi kreppunnar. Hætt er við að ef þessi skilaboð hefðu ekki skilað sér væri kvíðinn, reiðin og óvissan enn ríkari þáttur í líðan borgarbúa en nú er. Nú reynir á að hugur fylgi máli og það er gríðarlega mikilvægt að þessi skilaboð endurspeglis í fjárhagsáætlun sem nú er í smíðum og aðgerðum sem henni fylgja.

Forseti, borgarfulltrúar. Húsnæðismálin brenna á borgarbúum. Það er kannski talað um húsnæðismálin þannig að fólk hafi skapað sér þau vandamál sem það er komið í. En hvaða kosti hafði almenningur? Það var búið að leggja niður félagslega eignaríbúðakerfið. Verkamannabústaðirnir voru ávinningur baráttu verkalyðshreyfingarinnar á 3. áratug síðustu aldar og lokahnykkurinn var á 8. og 9. áratugnum þegar byggt var í Breiðholti og síðan í Grafarholti. Eftir það voru íbúðirnar settar á almenna sölu og markaðurinn látinn ráða verðlagningu.

Almennur leigumarkaður hefur aldrei fest í sessi vegna þess að almennu leiguíbúðunum hefur ekki fylgt það öryggi sem þarf. Leigumarkaðurinn hefur fyrst og fremst verið fyrir afmarkaða hópa svo sem velferðarræði og fyrir stúdenta. Tilraunir borgaryfirvalda til að stuðla að almennum leigumarkaði með úthlutun lóða og rýmri byggingaskilmálum eins og í Grafarholti fóru út um þúfur þegar verktakarnir beiluðu sig út og settu íbúðirnar á sölu til að græða meira. Það er öllum ljóst að með hækkandi lánnum og lækkandi íbúðaverði er fjöldi fólks að missa íbúðirnar sínar þessa dagana og í nánustu framtíð. Það þarf að bregðast við þeim vanda nú þegar. Eyða óvissunni.

Stofnanir ríkisins hafa sent frá sér misvísandi skilaboð en borgin á að taka ákveðið frumkvæði. Á vegum velferðarráðs hefur starfað vinnuhópur sem einbeitir sér að úrlausnum íbúðarmála borgarbúa. Þar hafa meðal annarra komið fulltrúar frá

Bstj. 4. nóvember 2008

Íbúðalánasjóði, Félagsbústöðum og félagsmálaráðuneytinu og staðan er nokkuð ljós. Ríkið kemur til með, á einn eða annan hátt, að eignast fjölda íbúða sem þýðir það að óbreyttu að margir verða húsnæðislausir. Að sjálfsögðu er það engra hagar að neyða fólk til að yfirgefa húsnæðið sitt og ýmsar hugmyndir hafa komið upp, svo sem að Íbúðalánasjóður myndi leigufélag eða fái leigufélög eins og Félagsbústaði til að sjá um málið. Að hluti af þessum íbúðum renni að forminu til til kaupleigufélaga eins og Búseta og það kerfi verði styrkt. Þetta er hluti af þeim hugmyndum sem hafa komið upp.

En eitt er víst og það er það að húsnæðiskerfið sem Íslendingar hafa búið við er að breytast í grundvallaratriðum. Það er mikilvægt við þessar aðstæður að á það verði reynt að ná samvinnu á höfuðborgarsvæðinu um þetta mál. Ég beini því til borgarstjóra og aðgerðahópsins okkar að í samvinnu við húsnæðishóp velferðarsviðs verði farið formlega í viðræður við sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins um samvinnu í húsnæðismálum og sú samvinna taki jafnt til úrlausna á almenna markaðnum sem og félagslega húsnæðismarkaðnum sem væntanlega fer nú ört stækkandi.

Forseti, borgarfulltrúar. Málefni atvinnulausra er skyndilega orðið viðamikil verkefni. Þeir sem eru að missa vinnuna í dag eru flestir byggingamenn og fólk sem starfað hefur við fjármálastofnanir. Á þeirra heimilum er líðanin sjálfsagt ekki góð. Margir í þessum hópi hafa fyllt flokk þeirra tekjuhærri og fallið er hátt þegar þarf að fara að lifa á atvinnuleysisbótum eins og blasir við nú þegar hjá mörgum byggingamönnum sem hafa unnið sem sjálfstæðir verktakar. Að sjálfsögðu þarf að bregðast við aðstæðum og borgin þarf að gera sitt til að minnka skaðann. Mannfrekar framkvæmdir, viðhald og breytingar og átaksverkefni eiga að vera í forgangi en eftir sem áður stendur það að atvinnuleysi á eftir að aukast í vetur.

Það þarf að hlúa sérstaklega að atvinnulausu fólki, ekki aðeins hvað varðar klæði, fæði og húsnæði heldur einnig að sálarástandinu. Að líðaninni. Það þarf að vinna gegn kvíðanum, reiðinni og nagandi óvissunni. Þjónustumiðstöðvarnar með félagsráðgjafa, sálfræðinga og fjármálaráðgjafa hafa þar þýðingarmikið verkefni og borgin gæti komið til aðstoðar á annan hátt. Frítt í strætó, frítt í sundlaugar og ókeypis inn á ýmsar menningarstofnanir borgarinnar. Slíkt getur riðið

Bstj. 4. nóvember 2008

baggamuninn þegar líðanin er að veði og þetta þarf að gera á varfærinn hátt þannig að atvinnulausir þurfi ekki að verða sér til minnkunar þegar þeir þiggja þetta framlag samfélagsins á meðan staðan er þessi.

Fjárhagsstaða borgarinnar er erfið og framtíðarhorfur óljósar. Ríkisstjórnin hefur unnið með Alþjóða gjaldeyrissjóðnum að greiningu á stöðunni og unnið þjóðhagssþá að okkur skilst vegna beiðna um lántökur en hún liggur á þessum upplýsingum eins og ormur á egg. Á gulli, fyrirgefið. Hann gæti hafa legið á egg líka. Á meðan er erfitt fyrir sveitarfélögin og ennþá erfiðara að meta stöðuna. Hversu mörg fyrirtæki sigla í gjaldþrot? Hvað á að reikna með miklu atvinnuleysi? Stærðir sem þessar hafa afgerandi áhrif á tekjur og útgjöld borgarinnar.

En það er okkur öllum ljóst að það þarf að skera niður og að því er unnið hörðum höndum hjá okkur eins og annars staðar og búast má við að ef verja á grunnþjónustuna þurfi að færa á milli sviða á næsta ári. Að steinsteypa og asfalt þurfi að víkja fyrir ríkari mannlegum þörfum. Velferðarmálin eru almennt þau mál sem flokkast helst til grunnþjónustu. Það er væntanlega öllum ljóst að þar verður ekki hægt að skera niður. Að sjálfsögðu á alltaf að leita leiða til að hagræða en þegar upp verður staðið þarf meira fjármagn í málaflokkinn. Með auknu atvinnuleysi og almennari fátækt þarf aukna fjárhagsaðstoð og heimildargreiðslur. Með auknum fjölda leigjenda þarf auknar húsaleigubætur og í aukinni verðbólgu þarf að verðtryggja húsaleigubæturnar og það gildir ekki síst um leigjendur Félagsbústaða.

Það segir sig sjálf að velferðarsvið sinnir fátækasta fólkinu, þeim sem síst mega við kjaraskerðingu eða dýrtíð. Aldraðir og öryrkjar hafa nú þegar glatað hluta lífeyris síns. Það eitt út af fyrir sig kallar á aukna hættu á einangrun. Ætlum við, við þær aðstæður, að skera á félagsstarf aldraðra eða fækka heimsóknnum? Eigum við að draga úr þjónustu við heilabilaða? Draga úr forvörnum? Loka unglingsmiðjum? Á krepputímum er aukin þörf á barnavernd. Eigum við að spara þar? Kannski á heimilum fyrir börn sem tímabundið hefur reynst nauðsynlegt að taka frá foreldrum sínum? Eigum við að horfa upp á það að börn komi svöng í skólann eða geti ekki stundað frístundaheimili vegna fátæktar? Nei, það má sjálfsagt hagræða en allir aðalmálaflokkar velferðarmála þurfa aukið

Bstj. 4. nóvember 2008

fjármagn á næsta ári, það er ljóst. Það á eftir að fjölga til muna í þeim hópi sem þiggur fjárhagsaðstoð frá borginni. Hún er í dag um 99 þúsund krónur á mánuði. eru líkur á því að nokkur geti lifað á því á næstunni? Treystir einhver hér inni sér til þess?

Forseti, borgarfulltrúar. Það er nokkuð ljóst að reykvísk heimili eru í uppnámi. Doðinn, depurðin, kvíðinn og reiðin skapast af þeirri óvissu sem hrjáir borgarbúa. Það er skylda okkar sem almenningur hefur kosið til að stjórna borginni að gera allt sem í okkar valdi stendur til að eyða óvissunni. Að við fullvissum atvinnulausa um það að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að gera þeim lífið léttara og leitum allra leiða til að skapa störf. Að við fullvissum fátæka, aldraða og sjúka og aðra þá sem þurfa á velferðarþjónustunni að halda að hún verði alltaf til staðar og að allir fái að lifa með reisu. Að það sé nóg af húsnæði í Reykjavík og það verði enginn húsnæðislaus.

Í stöðunni eru ýmis tækifæri. Samfélagið er í rúst og það er mikilvægt að það verði byggt upp á markvissan hátt með framtíð heimilanna, íbúanna í huga. Fjölbreytt blönduð byggð þar sem leigu-, kaupleigu- og eignarhúsnæði nýtur jafnræðis, sjálfbærni þar sem stutt er í vinnu og alla þjónustu, raunverulegt íbúalýðræði, gott almenningsvagnakerfi þar sem vagnarnir nýta innlenda orku og aka á forgangsakreinum, gott aðgengi að menntun og tómstundum þar sem börn og ungmenni fá möguleika á að þroskast á heilbrigðan hátt og síðast en ekki síst öryggisnet sem gerir öllum kleift að taka þátt í samfélagi framtíðarinnar. Samfélagi þar sem borgarbúum líður vel.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þessa umræðu um stöðu heimilanna í borginni sem tengist náttúrulega því sem við höfum verið að ræða hér í dag varðandi það atvinnuástand sem við búum við. Ég held að það sé samt mjög mikilvægt og beini því til okkar allra að um leið og við erum ábyrg og erum að ræða þessa hluti og fara yfir þá auðvitað, þá held ég að skilaboð eins og, svo ég hafi nú orðrétt eftir ágætum frumflytjanda hér eða sem flutti semsagt þessa umræðu hér, var fyrstur til að taka til máls, þá held ég að skilaboðin eins og þessi: „Samfélagið er í rúst“ séu frekar brött og ég held að það sé ekki sönn lýsing á okkar góða samfélagi að samfélagið sé í rúst.

Ég get alveg tekið undir það að efnahagsástandið okkar er ótryggt og atvinnuástandið erfiðara en við höfum horft upp á og efnahagslífið með einhverjum þeim hætti sem við viljum sjá byggjast upp en ég held samt sem áður að okkar góða samfélag hafi ennþá á að skipa traustum innviðum, góðum fjölskyldum og sterkum tengslum þannig að ég bið menn, um leið og við blásam von í fólk og viljum auðvitað gera það, þá finnst mér frekar svona svart að senda það út að við teljum samfélagið vera í rúst. Ég alla vega get ekki tekið undir það, ég held að íslenskt samfélag sé síður en svo í einhverri rúst heldur séum við á ákveðnum tímamótum sem við munum að sjálfsögðu vinna okkur út úr og taka á af skynsemi og festu.

Ég held að það sé rétt hins vegar sem borgarfulltrúinn kom inn á í máli sínu að það sé mikilvægt að borgin taki mjög ákveðið og skýrt frumkvæði hvað þetta varðar enda held ég að borgin hafi gert það. Ég vil meina að aðgerðaáætlun borgarinnar og það starf sem hefur verið unnið undanfarnar vikur og mánuði hér sýni það og sanni að borgin hefur tekið mjög ákveðið og sterkt frumkvæði í þessu máli. Frumkvæði sem mörg önnur sveitarfélög hafa kosið að fylgja og frumkvæði sem ég held að hafi skipt mjög miklu máli fyrir borgarbúa og það endurspeglast í aðgerðaáætluninni sem ég ætla ekki að fara frekar yfir hér enda þekkjum við hana öll nokkuð vel.

En varðandi það sem nefnt var um húsnæðismálin og velferðarmálin og mikilvægi þess að það sé ákveðið samstarf á milli sveitarfélaganna hér í nágrenninu hvað það

Bstj. 4. nóvember 2008

varðar og í raun og veru sveitarfélaganna allra, þá tek ég undir það og ítreka það sem ég sagði áðan í ræðu minni að slíkt samstarf er þegar hafið á milli þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að samtökum sveitarfélaga hér á höfuðborgarsvæðinu og þegar hafa verið haldnir fundir sviðsstjóra velferðarmála í öllum þessum sveitarfélögum, sviðsstjórum sem koma að menntamálum, fjármálastjórum og mannauðsstjórum. Allt eru þetta aðilar sem eru nú í stöðugu og öflugum samráði til þess að tryggja það að menn séu að vinna hlutina með svipuðum hætti og til þess að tryggja það að við sendum svipuð skilaboð til okkar íbúa og náum að vinna saman að þessu og það samstarf hefur verið mjög mikilvægt og mjög gott og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka bæjarstjórunum hér í kring fyrir mikla og öfluga vinnu þeirra í þágu þess.

Þetta er varðandi húsnæðismálin og velferðarmálin og síðan held ég samt að við megum ekki gleyma því í allri þessari umræðu og komum alltaf aftur að því að efnahagslífið okkar er með öðrum hætti heldur en það hefur verið og þess vegna þurfum við að hagræða. Við erum ekki í niðurskurði, við erum í hagræðingu í þágu grunnþjónustunnar. Það er ekkert annað í boði fyrir sveitarfélög eins og Reykjavík eða nokkurt annað sveitarfélag heldur en að hagræða í þágu grunnþjónustunnar og það er það sem menn eru að gera með mjög öflugum hætti hér eins og annars staðar.

En auðvitað er það hárrétt eins og borgarfulltrúinn kom inn á að það hefur verið dapurlegt að fylgjast með fréttum af uppsögnum í síðustu viku og undanfarna daga og kannski er það stærsta áhyggjuefni sveitarfélags eins og Reykjavíkur og alls landsins þegar við förum að upplifa atvinnuleysi sem þessi þjóð hefur sem betur fer ekki þurft að upplifa undanfarin ár og er kannski eitt það erfiðasta sem okkar samfélag getur gengið í gegnum. Þannig er að í lok september síðastliðnum voru til dæmis 2.500 manns á atvinnuleysisskrá í landinu öllu. Þar af um 1.500 hér á höfuðborgarsvæðinu eða um 1,4% af vinnuafli. Í októbermánuði er hins vegar útlit fyrir að fjölgað hafi á atvinnuleysisskrá um 1.800 manns á landinu öllu eða um 70%. Þróunin er svipuð hér á höfuðborgarsvæðinu, fjölgun á skrá er 1.050, síðustu tölur, og atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli var því eins og ég sagði áðan um 1,4% í lok september en gæti farið í 2,5% í lok október.

Bstj. 4. nóvember 2008

Samkvæmt Vinnumálastofnun áætla hún að atvinnuleysi gæti orðið um 6-7% í janúar og febrúar næstkomandi, auðvitað er það sá tími sem er yfirleitt erfiðastur hvað varðar atvinnuleysi, það er jafnan hæst í upphafi árs, en það svarar til þess að um 12.500 manns væru án atvinnu á landinu öllu og gæti þýtt að um 5.000 einstaklingar í Reykjavík væru án atvinnu. Og það er auðvitað ástand sem við höfum sem betur fer ekki þurft að horfast í augu við í mörg mörg ár og ástand sem við vonandi þurfum ekki að horfast í augu við en því miður gæti verið útlit fyrir eitthvað slíkt. Þess vegna stöndum við frammi fyrir mjög erfiðu og risavöxnu verkefni og fjárhagsstaða borgarinnar eins og við öll vitum, þrátt fyrir að hún sé að mörgu leyti mjög góð, þá er hún líka þröng vegna þess að aðgengi að lánsfé er takmarkað og við þurfum að nýta allt okkar fjármagn til þess að tryggja grunnþjónustuna og erum að horfa upp á allt aðra tíma heldur en áður hvað varðar innstreymi á fjármagn í okkar sjóði. Það þekkjum við öll.

Svigrúm til þess að efla atvinnulífið með framkvæmdum á næsta ári mótast því af þeirri staðreynd sem ég ræddi um varðandi lánsfé. En það sem borgarfulltrúinn nefndi og ég held að komi líka fram í aðgerðaáætlun borgarinnar með mjög skýrum hætti er að þar er lögð áhersla á að gefa þeim framkvæmdum forgang sem eru mannaflsfrekar og hafa áhrif á atvinnustig. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir borgina og þá uppbyggingu sem við viljum auðvitað sjá hér. Að auki er lögð öll áhersla á að verja grunnþjónustuna og gjaldskrár eins og við höfum rætt hér áður.

En ég tek undir með borgarfulltrúanum með það að atvinnuleysið er það erfiðasta sem við getum horft upp á og við verðum auðvitað að hugsa um allar aðgerðir sem við búum yfir til þess að reyna einhvern veginn að leggja okkar lóð á vogarskálarnar þar en megum þó ekki gleyma því og verðum að muna að við verðum að reyna að gera þetta með þeim hætti að fjárhagur borgarinnar þoli það og þær fjárhagsaðstæður sem við búum við. Það er líka þannig, eins og nefnt er hér, hér er verið að ræða um heimilin í Reykjavíkurborg sem eru auðvitað hornsteinar þessa góða samfélags sem við búum í og við megum ekki gleyma því og aftur vísa ég í það sem ég held að við eigum ekki að gera, að tala um samfélagið okkar eins og það sé komið á einhverja ögurstundu vegna þess að hér búum við í grunninn við mjög gott samfélag, mjög góða innviði og eigum fullt,

Bstj. 4. nóvember 2008

fullt af hlutum sem við áttum ekki áður og okkar staða miðað við margra annarra er svo sannarlega ekki slæm.

Við skulum þess vegna hafa það í huga að almennt er kaupmáttur heimilanna mjög mikill. Laun hafa hækkað árlega umfram verðlag óslitið síðan 1994. Og á 5 árum, til 2007, hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist um 34% á mann og þetta skiptir allt máli og skiptir máli þegar við erum að leggja mat á stöðu okkar góða samfélags. Ég held að umræðan hér í dag á vettvangi borgarstjórnar um þá stöðu sem upp er komin undir ýmsum dagskrárliðum sýni að borgarstjórn er, eins og borgarfulltrúinn nefndi og kallaði eftir, að gera allt sem við getum gert til þess að mæta þessum vanda og vinna með borgarbúum og íbúum að því að leysa hann á farsælan hátt og tryggja að við förum öll sem best út úr þessu.

Ég ítreka það að fjárhagsáætlunarvinnan gengur samkvæmt áætlun af því að borgarfulltrúinn nefndi hana. Hún er auðvitað þyngri og þéttari heldur en hún hefur verið undanfarin ár og krefst annarra vinnubragða en fyrst og síðast er það leiðarljós allrar vinnunnar að við erum að hagræða í þágu grunnþjónustunnar til þess einmitt að tryggja það að heimilin í borginni komist sem best frá þessu öllu saman og við getum, eins og ég sagði áðan í lok ræðu minnar hér í upphafi, þegar við vorum að ræða tillögu Samfylkingarinnar og get sagt það aftur, ég held að Borgarstjórn Reykjavíkur, og er fullviss um það, að Borgarstjórn Reykjavíkur getur að tveimur árum liðnum eða svo, þegar þetta ástand er um garð gengið, sagt að við höfum gert allt sem í okkar valdi stóð til þess að standa með borgarbúum við þessar aðstæður.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

Bstj. 4. nóvember 2008

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Nú standa þúsundir reykvískra heimila frammi fyrir meiriháttar erfiðleikum vegna atvinnuleysis, óheyrilegra afborgana lána, hækkandi verðlags á nauðsynjum og í mörgum tilfellum er varasjóðurinn sem nota átti þegar að þrengdi farinn. En aðstæður borgarbúa eru afar mismunandi. Fyrst í huga minn kemur sá fjölmenni hópur sem hefur í mörg ár búið við fátækt. Hann er stór. Við erum að tala um tugþúsundir Reykvíkinga sem eiga það sammerkt að eiga ekkert, og hafa haft á bilinu 99.300-200.000 í laun á mánuði. Það eru tugþúsundir sem falla undir þennan flokk. Flestir hafa yfirdrátt upp á nokkur hundruð þúsund upp á að hlaupa og sá baggi verður óbærilegur nú.

Mér datt í hug hvort ekki væri hægt að biðja bankastjórnirnar um að nota strokleðrið eða delete-takkann á þessi lán ef á annað borð er hægt að afskrifa. En verðbólgan, hún mun hlutfallslega koma langverst niður á þeim sem hafa lægstu tekjurnar. 100 króna hækkun á hverri matvöru er 5 sinnum erfiðari fyrir þá sem eru á fjárhagsaðstoð en hjá okkur sem höfum a.m.k. 450.000 krónur í laun á mánuði. Það er bara þannig.

Ég er líka með hugann við alla þá launþega sem hafa tekjur á bilinu 200-400.000 krónur í tekjur á mánuði. Það er líklega stærstur hluti borgarstarfsmanna. Þetta er mikið til fólk sem á íbúð og bíl en hefur tekið lán til þeirra kaupa. Afborganir lána, sem bera verðtryggingu og vexti og/eða eru gengisháð, koma sérstaklega illa við þennan hóp. Hann hefur varla verið aflögufær og er það ekki núna.

Ég hef líka ákveðna samúð með þeim sem hafa haft hærri tekjur og hafa gleymt sér í vellystingum og góðæri. Þúsundir hafa tekið þátt í kapphlaupi um flottustu bílana, hjólhýsin, sumarhúsin og grillin. Kaupin voru gerð á lánum sem í dag eru gjaldfallin og eignirnar eru óseljanlegar. Eða hverjir vilja í dag kaupa árgerð 2008 af turbógrilli sem kostar 300.000 eins og selt var núna síðastliðið sumar? En við megum ekki fara í fordæmingargírinn og útiloka þetta fólk frá samfélagslegum stuðningi þegar á bjátar. Það þurfa allir að eiga rétt á sama stuðningi. Já, það er af ótalmörgu að taka. En til að ég fari ekki frekar út um víðan völl í þessari annars mikilvægu umræðu ætla ég að einbeita mér að þeim sem Reykjavíkurborg hefur

Bstj. 4. nóvember 2008

lagalegar skyldur til að aðstoða bæði með framfærslu og húsnæði. Ég vil minna á þessar lagalegu skyldur sem ég fer í hér á eftir.

Raunar tókum við þessa sömu umræðu hér í borgarstjórn 1. apríl sl. fyrir réttum 7 mánuðum, þá undir heitinu *Umræða um efnahag heimilanna*. Þá var það að beiðni fulltrúa Vinstri grænna, Samfylkingar og Framsóknar. Ég hefði í sjálfu sér getað lesið ræðuna sem ég flutti þá aftur en ákvað að breyta aðeins um stíl. En ég fór semsagt yfir þessar ræður sem þá voru fluttar og þá talaði ég til dæmis um okurþjóðfélagið Ísland, sem annars er hið ágætasta land og ég tek undir með borgarstjóra hvað það varðar. Flestir sem töluðu höfðu fyrst og fremst áhyggjur af heimilunum vegna mikillar hækkunar á matvöru, bensíni og húsnæði. Þær áhyggjur standa enn í dag.

En hvernig ætlar Reykjavíkurborg að bregðast við því að þúsundir heimila verða í fjárhagslegum vandræðum á næstu misserum? Aðgerðaáætlun velferðarsviðs var samþykkt einróma í velferðarráði og borgarráði og bæta á samvinnu við ýmsa aðra og ráðgjöf á þjónustumiðstöðvum og flýta á endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð. Sú vinna hefur hins vegar verið í nokkrum hægagangi og ekkert er farið að huga að hækkun á fjárhagsaðstoð sem í dag er fyrir einstakling 99.300 kr. á mánuði. Þó var tillögu okkar Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknar frá því í apríl um hækkun bótanna vísað inn í þessa vinnu og átti að takast þar fyrir við fyrsta hentugleika.

Sú tillaga var um að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar yrði hækkuð úr 99.000 í 112.000 á mánuði eða sem nemur 12% hækkun. Viðmiðunarupphæðin sem þar um ræddi er grunnlífeyrir almannatrygginga ásamt tekjutryggingu örorkulífeyrisþega, en það viðmið var lengi notað, en á síðustu 2 árum hefur verið miðað við hækkun neysluverðsvísitölu. Þessi tillaga var hugsuð til leiðréttingar eftir að framfærslustyrkur sveitarfélaganna, þ.á m. Reykjavíkurborgar, hafði dregist aftur úr öðrum samfélagslegum bótum vegna þeirrar leiðréttingar sem átti sér stað á bótum almannatrygginga og atvinnuleysisbóta fyrr á þessu ári. En ofan á þessa leiðréttingu, sem enn er mikil þörf á, þurfa síðan að bætast við verðbætur í samræmi við neysluverðsvísitölu.

Bstj. 4. nóvember 2008

Borgarstjóri talaði hér um að nú væri samstarfið við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu varðandi fjárhagsaðstoðina. Reykjavíkurborg hefur ætíð verið leiðandi við þróun fjárhagsaðstoðar fyrir öll sveitarfélög á landinu. Við megum nú ekki láta sveitarfélög sem nánast enga fjárhagsaðstoð hafa veitt á síðustu árum stjórna okkur en sum af þeim sveitarfélögum sem eru í þessu samfloti hafa nær enga fjárhagsaðstoð. Fjárhagsaðstoðin sem Reykjavíkurborg veitti á síðasta ári var til 2.500 heimila. Þá var atvinnuleysi 1%. Á allra síðustu árum hafa flest heimili verið með fjárhagsaðstoð árið 2003, eða 3.800. Þá var atvinnuleysi 3,7%. Þegar atvinnuleysi var 5,2-4,9% á árunum 1995 og 1996, þá fengu líka um 3.800 heimili aðstoð en þá voru borgarbúar færri og reglurnar þrengri en nú er. Nú er hins vegar spáð allt að 10% atvinnuleysi sem kallar á nýja hópa því það eiga ekki allir rétt á atvinnuleysisbótum sem eru að missa vinnuna.

Já, það er fyrirsjáanlegt að nýir hópar bætast í hóp þeirra sem þurfa aðstoð. Ég veit ekki hvernig upplitið verður á þeim þegar þeir fá að heyra hvaða framfærsluaðstoð er í boði því að væntingar eru um mun meiri aðstoð en í boði er því við erum að tala um fólk sem var áður á launum sem eru ætíð mun hærri. Erfitt verður að mæta þeim væntingum því að allir þurfa að sitja við sama borð, hvort sem þeir eru nýir notendur eða hafa lifað langt undir fátæktarmörkum í langan tíma. Aðstoðin þarf að vera eftir settum reglum og vera gegnsæ þannig að jafnræðis sé gætt. Hins vegar hefur strax borið á því að fólk hefur verið að leita til þjónustumiðstöðva og spyrja um rétt sinn og það hefur talið að það ætti jafnvel meiri rétt en nú þegar er í boði.

En þetta snýst ekki bara um framfærslu þeirra sem lifa á grunnfjárhæðum fjárhagsaðstoðar. Fólk getur átt rétt til einstakra heimildargreiðslna sem veittar eru vegna sérstakra aðstæðna, félagslegs vanda og óvæntra áfalla. Sem dæmi um heimildargreiðslur má nefna aðstoð vegna barna, s.s. skólakostnaður og frístundakostnaður, námsaðstoð, greiðsla sérfræðiaðstoðar, styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu og útfararstyrkur. Á síðasta ári voru heimildargreiðslur 259 milljónir, þar af helmingur raunar vegna framfærslu í formi námsaðstoðar, á móti 675 milljónum sem fóru í framfærslu. Þannig að heimildargreiðslurnar eru mjög umtalsverðar.

Bstj. 4. nóvember 2008

Nú má ætla að fólk verði ráðið í auknum mæli á strípaða taxta á vinnumarkaði og án allrar yfirvinnu. Þeim mun fjölga gríðarlega sem eru með laun undir 200.000 krónum á mánuði. Við slíkar aðstæður geta heimildargreiðslur aukist til muna. Ekki síst hefur hér áhrif ef grunnfjárhæðin verður áfram þetta lág eins og raunin er, þá sækir fólk mun stífar í heimildargreiðslurnar og er áralöng reynsla fyrir því.

En ég er að taka þetta upp hér til að brýna þá fulltrúa okkar í borgarstjórn sem sitja í aðgerðahóp um fjármál borgarinnar að gleyma ekki þeim heimilum sem eru allra verst sett í borginni. Það þarf aukið fjármagn í fjárhagsaðstoð, ekki bara vegna fjölgunar þeirra sem rétt munu eiga á aðstoðinni, það eru útgjöld upp á 400-700 milljónir eftir atvinnuleysisstigi, heldur þarf líka til að mæta barnafjölskyldum sem þurfa nauðsynlega að fá aðstoð við greiðslur t.d. vegna skólamáltíða og/eða tómtunda barna. Þar erum við að tala um hugsanlega tugi milljóna. Þá mun lágmarkshækkun grunnfjárhæðar kosta borgina um 260-450 milljónir en það fer eftir fjölda þeirra sem fá aðstoð. Ég vona að aðgerðahópurinn og formaður hans muni taka tillit til þessa útgjaldaauka þegar fjárhagur borgarinnar verður lagður hér fram í formi fjárhagsáætlunar.

Við erum enn ekki farin að tala um hvað atvinnuleysi þýðir í öðrum félagslegum kostnaði sem getur orðið umtalsverður. Þegar fólk missir hlutverk í lífinu leiðir það til margháttæðra erfiðleika, bæði félagslega og á heilbrigðissviði. Nefna má þunglyndi, aukna vímuefnaneyslu, afbrot og ofbeldi og kom Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, einmitt inn á þetta í sinni ræðu um jafnréttismál hér fyrir á fundinum.

En ég er bara búin að tala um fjárhagsaðstoð. En lögbundið hlutverk okkar sem sveitarfélags er miklu meira skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélög eiga að tryggja að íbúarnir geti séð fyrir sér og sínum, segir í lögnum. Þá segir: „Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.“ Þetta ákvæði á sérstaklega vel við núna þegar mjög margar fjölskyldur horfa fram á það að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálfar. Þá ber okkur að koma til skjalanna. Við eigum semsagt að hjálpa til sjálfshjálpar samkvæmt þessum lögum en að taka ekki bjargirnar af fólk. Né hlutverkið og ég held að það sé afskaplega mikilvægt.

Bstj. 4. nóvember 2008

Þá segja lögin okkur að sveitarstjórnir skuli bjóða upp á félagslega ráðgjöf í formi upplýsinga og leiðbeininga um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félagsleg ráðgjöf er skilgreind frekar og tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála og húsnæðismála. Þá er ég komin að húsnæðismálunum en ég ákvað að taka ekki fyrir húsnæðismálin að þessu sinni því mér finnst þurfa sérstaka umræðu í borgarstjórn um úrlausnir fyrir þá sem munu missa húsnæði sitt á næstu misserum og líka fyrir þá sem hafa verið án húsnæðis eða öruggs húsnæðis síðustu misseri og hafa beðið eftir úrlausnum sveitarfélagsins.

En af því að við höfum ekki bara áhyggjur af fólkinu og heimilunum, við erum líka upptekin af væntanlegri fjárhagsáætlun borgarinnar, þá þurfum við að horfast í augu við aukna fjárþörf vegna fjölgunar leiguíbúða. Ef leiguíbúðum fjölgar um tæp 10%, sem sagt sá fjöldi sem á rétt á húsaleigubótum fari úr 5.800 íbúðum á ári í 6.300 kallar það á útgjöld upp á 55 milljónir sem er bara hlutur Reykjavíkurborgar í almennum húsaleigubótum. Þá er ég ekki að skoða sérstakar húsaleigubætur en það er alveg ljóst að aukinn fjöldi mun eiga rétt á þeim miðað við óbreyttar reglur en samt er augin krafa um það að breyta reglunum þannig að fleiri eigi rétt á þessum bótum. Nú, þá segir í lögunum, og ég er nú að ljúka þessu máli, sem við verðum að uppfylla: markmiðið með Félagsþjónustu er „að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.“ Og skal okkur það vera ofarlega í huga nú þegar atvinnuleysi með fyrirsjáanlegum félagslegum vandamálum eru í aðsigi. Okkur ber að koma í veg fyrir fyrirsjáanleg vandamál.

Ef meirihluti borgarstjórnar er til í að taka erlend lán til byggingaframkvæmda, og ég raunar tek það fram að ég tel það vera nauðsynlegt til þess að halda uppi atvinnu, þá verðum við líka að hafa fjármagn til að auka útgjöld til velferðarmála, því að það eykur bara hagvöxt. Ekki bara atvinnan heldur líka aðstoðin sem gerir fólki kleift að taka þátt í samfélaginu. Takk fyrir.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við vitum að miklar og óheillavænlegar breytingar eru að verða hjá mörgum fjölskyldum í borginni. Ég ætla að leyfa mér að fjalla í nokkuð víðu samhengi um það efnahagsástand sem við blasir því þótt við stjórnnum ekki efnahags- og myntmálum héðan úr sölum borgarstjórnar þá hefur það hvernig unnið verður úr þeim málum úrslitaáhrif á það hversu hart kreppan kemur niður á heimilum borgarinnar og þar með þeim úrlausnarefnum sem við komum til með að standa frammi fyrir á næstu mánuðum og árum. Þau úrlausnarefni hefur Björk Vilhelmsdóttir og reyndar fleiri farið ágætlega yfir hér að framan.

Virðulegi forseti. Atvinnumissir blasir við mörgum og kjararýrnun við öllum. Bæði með rýrnun kaupmáttar og víða með lægri tekjum, minnkuðu starfshlutfalli, lækkuðum launum eða yfirvinnubanni. Auk þess sem varasjóðir heimila sem sums staðar voru bundnir í hlutabréfum í bönkunum eru gufaðir upp. Háir stýrivextir gera það að verkum að skammtímafjármögnun er mjög kostnaðarsöm og því mjög dýrt fyrir fjölskyldur og fyrirtæki að fleyta sér yfir versta hjallann. Þannig þyngja háir stýrivextir enn róður margra sem standa nú tæpt og ýta undir gjaldþrot fyrirtækja og einstaklinga. Ástæða hárra stýrivaxta er viðleitni til að halda jákvæðum vaxtamun. Að raunvextir, vextir að frádreginni verðbólgu, séu jákvæðir. Með þessu reyna stjórnvöld að hefta útstreymi fjármagns úr landinu, meðal annars svokallaðra jöklabréfa. En aukinn fjármagnsflótti myndi enn lækka gengi krónunnar sem myndi síðan speglast inn í verðbólguna og við þekkjum hvernig þessi hringrás er.

Vandséð er að stigvaxandi hækkun stýrivaxta til að halda í við verðbólguna muni auka tiltrú á peningamálastefnu landsins. Það er augljóst að aðgerðir sem kippa fótunum undan grunninnviðum samfélagsins, fyrirtækjum og einstaklingum eru grundvallaðar á peningamálastefnu sem er vart á vetur setjandi. Það þarf meira til að skapa tiltrú á peningamálastefnu landsins. Aðkoma Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og annarra lánveitenda í kjölfarið spilar stórt hlutverk í því að koma nauðsynlegum gjaldeyrisviðskiptum í gang. En sá lánaði gullfótur er mjög kostnaðarsamt hjálpartæki til að styðja við örgjaldmiðil sem misst hefur allan

Bstj. 4. nóvember 2008

trúverðugleika. Við verðum því að líta á það fyrirkomulag sem tímabundna aðgerð.

Til að byggja upp trúverðugleika hjá öðrum þjóðum er nauðsynlegt að við Íslendingar gerum þjóðum heims ljóst hver framtíðarsýn okkar er í efnahags- og myntmálum og sú framtíðarsýn verður að vera trúverðug og fela í sér stöðugleika. Mér, eins og þorra landsmanna, er ljóst að framtíðin er ekki íslenska krónan. Framtíðin er augljóslega myntsamstarf Evrópuþjóða og þar með Evrópusambandið. Við eigum að þrýsta á um að ríkisstjórnin lýsi því sem fyrst yfir að þangað sé förrinni heitið. Hverjum degi sem við verjum í að verja peningamálastefnu sem gengur út á endurreisn krónunnar sem lausn til framtíðar er degi varið í að safna skuldum fyrir framtíðina.

Yfirlýsing um vilja stjórnvalda til að ganga til viðræðna við Evrópusambandið eru skýr skilaboð um að við gerum okkur grein fyrir þeirri grafalvarlegu stöðu sem uppi er og að umbóta sé von. Slík yfirlýsing eru skilaboð um að stefnt sé að stöðugleika í íslensku hagkerfi. Þannig getum við best komið í veg fyrir fjármagnsflóttu og minnkað þar með þrýsting á hækkun stýrivaxta. Við höfum lært þá dýru lexíu undanfarnar vikur að sjálfstæði er ekki fólgið í því að standa einn heldur því að standa sterkt og við munum aldrei standa sterkt með krónunni.

Þótt þetta verði gert, og þetta verður að gera, og það mildi höggið er ljóst að eitthvað millibilsástand verður þangað til samningar hafa náðst við Evrópusambandið. Í því millibilsástandi sitjum við uppi með krónuna. Því þarf að takmarka þann skaða sem hún getur valdið fjölskyldum og heimilum þar til samningar hafa náðst um það skiptigengi sem Ísland kæmi á inn í Evrópusambandið. Þegar að því kemur, nú á næstu dögum, að Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn og aðrir sem lýst hafa vilja til að hlaupa undir bagga með okkur Íslendingum veita umræddum lánnum til landsins er ljóst að flæða mun undir hina strönduðu krónu. Hún mun fara á flot og enginn veit hvernig sú aðlögun verður.

Reynsla annarra þjóða bendir til þess að búast megi við þriggja til sex vikna tímabili þar sem gengið hrynur áður en jafnvægi er náð. Því er algjörlega nauðsynlegt ef tryggja á hagsmuni fjölskyldna að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot

Bstj. 4. nóvember 2008

og sú krafa sé gerð til ríkisstjórnarinnar að hún grípi til tímabundinna aðgerða varðandi verðtryggingu lána. Áður en aftur flæðir undir krónuna. Því það er ljóst að ef við speglum gengisáhrifin í gegnum verðbólgu inn í húsnæðislán landsmanna verður ekki hægt að losna við þau þaðan þótt gengið nái aftur jafnvægi.

Ég hef nefnt þrjár leiðir í þessu sambandi: Að verðtrygging lána verði tímabundið fryst meðan gengisleiðréttingin á sér stað. Hugsanlega er eðlilegast að verðtrygging verði fryst við 4% sem eru yfirlýst þolmörk samkvæmt verðbólgu markmiðum Seðlabankans. Annar möguleiki er að setja lög um að verðtrygging uppreiknist ekki sjálfkrafa um mánaðamót, staðan verði svo metin yfir þriggja mánaða tímabil, þá sjái menn betur hvert stefnir og geta betur fyrir séð afleiðingar verðtryggingar. Þá verður hægt að ákveða hvort og að hve miklu leyti skynsamlegt er að taka tillit til verðtryggingar. Þriðji möguleikinn væri að breyta forsendum verðtryggingar, minnka vægi innfluttra vara og notast ekki við neyslukannanir úr góðærinu til að reikna út verðbólguna.

Það sem gerir stöðuna enn verri, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, er að verð á íbúðarhúsnæði hefur verið í hæstu hæðum. Fólk, kannski sérstaklega ungt fólk, sem keypt hefur húsnæði síðustu fimm árin hefur margt þurft að veðsetja það upp í 90% af markaðsvirði þess tíma. Það er því ljóst að ef höfuðstóll lána hækkar um tugi prósent vegna gengisknúinnar verðbólgu standa eignir ekki undir skuldum. Við bætist að algjört kul er á húsnæðismarkaði og mikil hætta á verulegu verðfalli fasteigna, sérstaklega ef eignum fjölgar skyndilega á markaði, til dæmis vegna gjaldþrota.

Verði verðtrygging lána ekki tekin úr sambandi er því full ástæða til að óttast að fjöldi venjulegs fólks verði gjaldþrota. Íbúðarhúsnæði fjölskyldna verði tekið upp í skuldir og íbúðaverð hrynji í kjölfarið. Við það tapast stór hluti útlána þrátt fyrir verðtrygginguna eða kannski beinlínis vegna hennar. Það hlýtur að vera skárra að verðgildi útlána íbúðalánasjóðs, bankanna og lífeyrissjóðanna rýrni með aukinni verðbólgu og fólk geti staðið undir afborgununum og haldið húsnæði sínu fremur en að útlánið tapist með því að gjaldþrotahrina ríði yfir heimili landsins og fasteignir falli í verði. Á því munu allir tapa.

Bstj. 4. nóvember 2008

Hin séríslenska verðtrygging er fylgikvilli þess að halda úti óstöðugri örmynt. En verðtryggingin tryggir lánveitandanum að verðgildi lánaþjármagns haldist. Gagnvart skuldaranum jafnast skuldabyrðin vegna sveiflna í hagkerfinu yfir lánstímann og dreifir þannig greiðslubyrðinni. Hvaða afstöðu sem menn hafa haft til verðtryggingarinnar, verið hlyntir henni eða ekki, er nauðsynlegt að staldra núna við og endurskoða réttmæti hennar við þessar aðstæður. Horfast verður í augu við þá staðreynd að nú er ekki hagsveifla sem verðtryggingu er ætlað að jafna heldur á sér stað ákveðin leiðrétting eða núllstilling auk þess sem við eigum mögulega eftir að sjá tímabundið gengishrun þegar krónan verður sett á flot aftur.

Leiðréttingin verður einnig að ná til lánaðs fjármagns. Því meðan falsvirði íslensku krónunnar spólaðist upp í ímyndaðri hagsæld sem byggð var á sandi lagðist þensluverðbólgan á húsnæðislán borgarbúa og annarra landsmanna. Nú þegar við áttum okkur á því að þessar krónur voru alls ekki allra þessara lífsgæða virði og leiðrétting á sér stað getur trygging á fölsku verðgildi gærdagsins ekki átt við á verðtryggðum lánum. Blekkinguna verður að afhjúpa á verðgildi lánaðra peninga eins og alls annars. Það virði sem spólaðist ranglega upp í góðærinu kemur núna niður. Hvort sem það heitir lífeyrir, laun eða fasteignaverð. Verðtrygging á verðgildi gærdagsins er því ekki réttlætunleg við þessar aðstæður. Ekki gengur að verðgildi eigna og launa fylgi leiðréttu verðlagi á meðan lán hækka og fylgja góðærisverðlaginu. Slíkt ósamræmi mun setja fjárhag stórs hluta heimila á hliðina. Á því munu allir tapa, ekki síst lánveitendur. Því fyrr sem horfst verður í augu við þá staðreynd að raunverulegt verðgildi lánaðra peninga hefur einnig rýrnað því betra. Þess vegna er algjör nauðsyn að gripið verði til tímabundinna aðgerða varðandi verðtrygginguna meðan leiðrétting gengis á sér stað. Fyrir því eigum við borgarfulltrúar að beita okkur því þetta eru brýnustu hagsmunamál borgarbúa um þessar mundir.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að velferð borgarbúa til framtíðar ræðst ekki hvað síst af því hvernig stjórnvöldum farnast að leiða þjóðina úr þeirri kreppu sem við stöndum nú í fordyrinu á. Við sem hér störfum og stöndum að nærþjónustu við íbúa, tókum á móti fólki í fjárhagsvanda hjá félagsþjónustunni og húsnæðislausum fjölskyldum hjá félagsbústöðum eigum að hafa skoðun á því hvernig staðið er að efnahags- og peningamálum. Beita okkur fyrir hag fjölskyldnanna og leggja okkar

Bstj. 4. nóvember 2008

að mörkum til umræðunnar til að ekki verði framleidd meiri vandamál fyrir fjölskyldurnar en nauðsynlegt er.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Margrét Sverrisdóttir.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Margrét Sverrisdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúum Vinstri grænna fyrir þessa þörfu umræðu og ég vil líka þakka borgarfulltrúa Björk Vilhelmsdóttur fyrir einkar ítarlega og vandaða yfirferð yfir þessi mál. Satt að segja er ekki kannski mjög miklu við það að bæta en það eru nokkur atriði sem ekki hafa komið fram sem mig langar til að nefna hér og þá vil ég helst byrja á því að fagna þeim fréttum sem ég heyrði reyndar fyrst í tíufréttum í gær að Reykjavíkurborg hefði ákveðið að fara í mannaflsfrekar framkvæmdir fyrir um það bil sex milljarða til að halda uppi atvinnustigi í borginni jafnvel þó að það þurfi lántöku til og jafnvel þó að hugtakið erlent lán virki nú ekki sérlega vel á mann þessa dagana. En í anda þeirrar stefnu sem háttvirtur borgarstjóri hefur fylgt um samráð meiri- og minnihluta í borgarstjórn þá held ég að það hefði mátt hafa nánara samráð um svo stóra ákvörðun sem þessa.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hversu mörg heimili standa höllum fæti vegna efnahagsástandsins og hér hefur komið fram vilji hjá borgaryfirvöldum til að verja heimilin ef svo má segja en í því sambandi er einna mikilvægast að velferðarkerfið sé virkt og mjög mikilvægt að Reykjavíkurborg hafi viðbragðsáætlun um aðstoð við þær fjölskyldur sem verst standa. En það má kannski nefna það að það er óvíst að verstu spár um vaxandi verðbólgu rætist að fullu því erfiðleikar geta hreinlega orðið til þess að verðbólgan nái sér ekki á skrið, við skulum vona það.

En svo er eitt atriði sem ég vil nefna að lokum, og það er svona varðandi heimilin, að það er veruleg hættu á að ofbeldi aukist innan fjölskyldna og í nánnum samböndum vegna mikillar spennu og ójafnvægis sem er fylgifyiskur atvinnuleysis og kreppu og þá reynir mjög á starfsfólk í velferðarkerfinu og hjá stofnunum borgarinnar þegar það tekur á móti fólki sem er kannski uppspennt og fullt af reiði yfir ástandinu og þess vegna vil ég bara ítreka það að velferðarkerfið má ekki bregðast með stoðkerfi fyrir fjölskylduna og kannski nefna það sem virðist léttvægt en ég held að það geti skipt svolítið miklu máli að starfsfólk stofnana borgarinnar sýni lipurð í samskiptum að vanda, ég veit að það er nú svo en

Bstj. 4. nóvember 2008

kannski að ítreka það, og svona reyni heldur að létta fólki þrautagöngu um kerfið á þessum erfiðu tímum.

Forseti: Borgarfulltrúi Margrét Sverrisdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 4. nóvember 2008

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Einungis vegna þess að hér er greinilega á ferðinni ákveðinn misskilningur hjá borgarfulltrúanum og ræðst kannski af því að Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi, hefur ekki verið hér alveg á þessum vettvangi alveg jafnmikið kannski og við hin, en það var nefnt hér að mannaflsfrekar aðgerðir í framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg til að koma til móts við ástandið, það er hluti af aðgerðaáætlun borgarinnar að fara í mannaflsfrekar aðgerðir.

Það er einn af liðunum í aðgerðaáætluninni sem var samþykkt af fulltrúum meirihluta og minnihluta og fulltrúar minnihlutans sem eru í þessum hópi, sem eru Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir, eru að fullu upplýst um allar þessar vangaveltur varðandi framkvæmdir og varðandi þá umræðu sem farið hefur fram á vettvangi þess hóps um mögulegar lántökur þannig að það á ekki að koma neinum allavega sem situr í þeim hópi á óvart og afstaða borgarinnar í því hefur bara verið þessi að borgarstjórn vill reyna að koma til móts við ástandið með því að skoða hvort okkur eru færar leiðir til að taka lán til þess að fara í ákveðnar framkvæmdir. Til að koma til móts við það að tryggja hér framkvæmdir sem geta komið í veg fyrir mjög kröftugt og hart högg hvað varðar atvinnuleysi.

Þannig að við erum að skoða það og á þessum fundum aðgerðahópsins hefur fjármálastjóri upplýst þennan hóp nákvæmlega um samtöl sem hafa átt sér stað við erlenda banka og þær viðræður sem eru í gangi milli borgarinnar, sveitarfélaga og lífeyrissjóðanna varðandi lán þannig að allt þetta er uppi á borðinu og hefur ekki verið nokkur einasti feluleikur með það frekar en nokkuð annað sem í umræðunni hefur verið og tengist þessari aðgerðaáætlun. Bara til upplýsingar.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið máli sínu og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskar eftir að gefa andsvar.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Já, ég vil nú byrja á því að taka undir með borgarstjóra að það er mjög margt uppi á borðinu hjá aðgerðahópnum. Það er að segja að Reykjavíkurborg er í þeirri stöðu að þurfa að taka lán til þess að loka sinni fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Það er hins vegar jafnframt ljóst, eins og kom aðeins fram en hefði kannski mátt vera skýrara, að öll pólitíska umræðan er í raun eftir um hvernig bæði þessum fjármunum verði ráðstafað, bæði innan einhvers sem við getum kallað framkvæmdapakka og ekki síður milli málaflokka.

Það er auðvitað fleira atvinnumál en framkvæmdir og þær eru misarðbærar, þær eru mismannaflsfrekar og ég hef orðað það þannig að við höfum annað orðið og annað augað á atvinnustiginu og hitt augað á því hvað borgin getur gert en stóra óvissan í þessu er kannski hvort Reykjavíkurborg geti yfirleitt fengið eitthvað að láni. Hún getur það ekki núna, við vitum það. Hún getur það ekki núna þessa dagana en auðvitað vonum við að það rofi til í því. En þá er það auðvitað ekki þannig að framkvæmdasvið fari og taki lán fyrir því sem það vill gera og velferðarsvið fyrir því sem það vill gera.

Þetta er bara einn stafli, ein fjárhagsáætlun, einhver lánsfjárbörf sem byggir á stefnumótun innan allra þessara málaflokka og þeir eru allir að komast upp á borðið. Við höfum verið að fá gögn undanfarna daga og vonandi bætist þar í sarpinn en pólitíska umræðan er eftir. Bæði innan aðgerðahópsins, inni í einstökum ráðum og sviðum og síðan sjáum við þá einhverja heildarmynd þar sem atvinnumálin og atvinnustigið er auðvitað gríðarlega stór þáttur en ekki stærri, ég myndi alls ekki orða það þannig, en velferðin. Þetta er einfaldlega órofa heild og við höfum sagt að við ætlum að standa vörð um grunnþjónustuna og það er númer eitt og atvinnustigið og ábyrga fjármálastjórn. Þannig að þetta hangir allt saman.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar og hæstvirtur borgarstjóri svarar andsvari.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Örstutt. Hárrétt hjá borgarfulltrúanum að það er ekki búið að fara enda er fjárhagsáætlun í vinnslu hjá okkur þannig að pólitíkin á eftir að taka afstöðu til fjölda þátta er því tengjast og hugsanlega verðum við ekki öll sammála þar. Hins vegar er það nú svo, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að í aðgerðaáætlun er talað um mannaflsfrekar framkvæmdir og það eru lánin sem við höfum verið sammála um að fara í. Við höfum líka verið sammála um það og rætt það að fara í lántökur vegna hluta er tengjast framkvæmdum og aðgerðum en ekki lántökur er tengjast rekstri. Til þess að halda þessu aðeins aðskildu.

Við erum auðvitað að stefna að því eins og við höfum alltaf gert að skila okkar áætlunum, fjárhagsáætlunum án halla en síðan eru menn að skoða það hvernig við getum fengið mögulega lán til þess að fara í ákveðnar framkvæmdir. Við vitum öll að staðan á lánamörkuðum er ekki auðveld eða einföld þessa dagana þannig að það er ekkert ljóst í því nema sá vilji borgaryfirvalda að leita leiða til þess að fá lán til framkvæmda ef það er mögulegt. Það er bara okkar leið til þess að reyna að tryggja það að hjól atvinnulífsins haldi áfram að ganga hér.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari og þá tekur til máls Jórunn Frímansdóttir, borgarfulltrúi.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér er til umræðu staða heimila í borginni og ég ætla nú svo sem ekki að bæta miklu við en get tekið undir margt það sem hér hefur komið fram í dag. Ástandið er, eins og við vitum, víða erfitt og fólk kannski rétt að byrja að gera sér grein fyrir hvað bíður þess eða hvernig hlutirnir eru að æxlast innan hvers heimilis fyrir sig og horfa svona fram á kannski breytta stöðu til einhverrar framtíðar. Mörgum hefur verið sagt upp vinnu eins og komið hefur fram og ég er alveg fullviss um það að við þekkjum öll hérna einhvern sem misst hefur vinnuna og jafnvel einhverjir okkur nánir. En þetta er nú samt ekki svo að, sem betur fer eru líka margir sem hafa vinnu ennþá. Staðan er ekki alls staðar slæm.

Eins og komið hefur fram samþykkti velferðarráð aðgerðaáætlun fyrir velferðarsvið fyrir um mánuði síðan og álagið á starfsmenn velferðarsviðs hefur farið vaxandi, sérstaklega þá ráðgjafana okkar úti á þjónustumiðstöðvunum sem eru að vinna með fólkinu. En það er einmitt það sem við gerðum ráð fyrir í þessari aðgerðaáætlun og hún laut kannski fyrst og fremst að því og lýtur að mæta aukinni þörf og aukinni ráðgjöf og leiðarljósið er fyrst og fremst að efla ráðgjöf og velferðarþjónustu til þess að koma til móts við tímabundna erfiðleika Reykvíkinga.

Það er, eins og ég fór nú yfir hér á síðasta fundi í löngu máli, mismunandi mörg verkefni sem er sérstaklega verið að vinna að en jafnt og þétt erum við að aðlaga sviðið að nýjum aðstæðum og það er ákveðinn hópur sem hreinlega heldur utan um stöðuna frá degi til dags. Það er margt sem verið er að gera, bæði hvað varðar fjölskyldurnar í borginni, börnin, hvað varðar samstarfið, alla mögulega aðila hér sem geta lagt hönd á plóginn við að hjálpa heimilunum og veita ráðgjöf og það er til dæmis eins og Ráðgjafarstofa heimilanna svo dæmi sé tekið en ég ætla nú ekki að fara yfir þetta hér í smáum dráttum eða fara yfir þetta hér eins og ég gerði á síðasta fundi en ég vil þakka Björk Vilhelmsdóttur, borgarfulltrúa, fyrir ágæta ræðu og ágæta yfirferð á einmitt þessum málum öllum saman. Það varð eiginlega til þess að ræðan mín var, það var algjörlega hægt að ýta henni út af borðinu því margt hafði ég sett niður á blað sem þar kom fram.

Bstj. 4. nóvember 2008

En fyrir heimilin í landinu og þá erfiðleika sem þau standa frammi fyrir finnst mér mikilvægast að við, enn og aftur, förum yfir það að við ætlum hér að standa vörð um grunnþjónustuna og það er út af fyrir sig stórt verkefni á þessum erfiðu tímum. Auðvitað er atvinnuleysið öllum mjög erfitt og það er okkar stærsta verkefni að reyna eftir fremsta megni að standa með fólkinu okkar í borginni, standa vörð um störfin og skapa hér jafnvel aukna atvinnu með því að fara í framkvæmdir og ganga djarft til verka í því. Það er alla vega mín skoðun og ég veit að það eru fleiri sem deila því með mér að á svona tímum er mikilvægt að stjórnvöld sýni svolítið þor og dug í því.

En mig langar nú svona aðeins hér í lokin að reyna að léttu andrúmsloftið sem er kannski æði þrungið og ræðurnar hér á undan verið svona, já, svolítið svartar. En ástandið er erfitt en ég var á fundi í gær sem einhvern veginn vakti smá bjartsýni í mínu hjarta og ég ætla bara að deila því með ykkur en það var fundur í samráðshópi aldraðra. Ég funda reglulega með eldri borgurum og þar koma félagar frá Félagi eldri borgara og svo frá Samtökum aldraðra en Samtök aldraðra fengu einmitt úthlutað lóð hjá okkur ekki fyrir svo löngu síðan við Sléttuveg.

Þegar við vorum svo með á dagskrá efnahagsástandið og ástandið í þessu öllu síðast á fundinum, þá segir Erling Garðar nokkuð, sem er fyrir Samtök aldraðra með mér á þessum fundi, hann segist þurfa að fara yfir stöðuna hjá þeim og ég hugsa með mér: „Ah, ætli ástandið sé bara það slæmt að þau geti ekki byggt núna?“. Ég átti alveg eins von á því en það var nú aldeilis ekki. Þau, hjá Samtökum aldraðra, eru að fara að byggja upp við Sléttuveg blokk með 58 íbúðum þar sem þegar hafa gengið út 47 íbúðir og það var í síðustu viku sem þær voru að ganga út. Það er ekki eins og það sé löngu ákveðið heldur er bara eftirspurn eftir íbúðum og þar er fólk sem getur jafnvel beðið með eignirnar sem það á nú þegar, þarf ekki að hafa áhyggjur af því þótt það selji ekki alveg strax, getur beðið með það í einhvern tíma og er tilbúið að kaupa íbúðir þarna. En það var einmitt umræðan á þessum fundi að það er mikilvægt núna að þeir sem eiga peninga og geta hreinlega bara eytt, þeir sem geta farið í framkvæmdir, þeir sem geta gert eitthvað, þeir þurfa núna að koma fram og standa með okkur Íslendingum í því að byggja hér upp og taka af skarið. Sprotafyrirtæki, eitthvað

Bstj. 4. nóvember 2008

nýtt. Hugsum út fyrir boxið, reynum að finna leiðir til þess að efla hér atvinnulíf og verum bara svolítið reif áfram.

En kannski alveg að lokum þetta, eins og Erling Garðar orðaði það í gær: Það er ekkert öðruvísi en svo að við þurfum að halda áfram að kaupa súkkulaði en nú þarf það að vera íslenskt.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson. Við lítum svo á að Þorleifur ætli að reka endahnúttinn á þessa umræðu en nú tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, takk fyrir það. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu lengur en ég vil byrja á því að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Mér finnst hún hafa verið gagnleg. Hún hefur verið það fyrir mig og ég vona að hún hafi verið það fyrir aðra hér líka. Það er eðlilegt að upp komi ýmis sjónarmið við stöðu og ástand eins og nú er uppi og það hefur nokkuð borið á því að menn hafa velt vöngum yfir því sem sagt hefur verið í fjölmiðlum í aðdraganda þessarar fjárhagsáætlunar og þeirrar vinnu sem við erum að vinna í aðgerðahópnum og eins og fram kom í máli borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar áðan að það væri í raun og veru eftir að forgangsraða málum og þess háttar, þá er það svo.

Það er í raun og veru bara eðlilegt miðað við það verklag sem við leggjum upp með núna. Tilefni fundar Reykjavíkurborgar með Samtökum iðnaðarins í gær var að á fundi með borgarstjóra komu þessi mál til tals. Þar sem borgarstjóri gerði Samtökum iðnaðarins grein fyrir aðgerðaáætluninni, fyrir þeirri vinnu sem við værum að vinna með okkar embættismönnum, að athuga hver staða Reykjavíkurborgar væri til þess að taka erlend lán fyrir framkvæmdum og þetta voru í raun og veru bara upplýsingar fyrir þá sem höfðu farið framhjá þeim í ljósi þess að þegar við vorum að kynna aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar vegna breytinga í efnahags- og atvinnuumhverfi var fjármálalífið hér að leggjast á hliðina og í sjálfu sér eðlilegt að allir næðu ekki öllu því sem þar kom fram.

Þannig að það sem við erum að gera, auk þess að vinna málið þétt með minnihluta í borgarstjórn og leggja þar allar upplýsingar á borðið, þá erum við að kynna fyrir hagsmunaaðilum í byggingariðnaði hugmyndir okkar um með hvaða hætti við erum að hugsa um að nálgast fjárhagsáætlunarvinnuna. Og það er gert með þeim hætti að við erum ekki að tilkynna tiltekin einstök verkefni heldur erum við að segja frá því hvernig við hugsum þetta, hvaða verkefni það eru sem við erum að skoða um leið og við leggjum fram áætlun um það hvað við teljum ráðlegt að fara í miklar framkvæmdir og nefndum þá upphæðina 6-8 milljarða í þeim efnunum. Öll sú umræða og allt sem frá okkur hefur komið í þeim efnunum hefur alltaf verið með þeim fyrirvara að við værum ekki að fara í þessar framkvæmdir nema að

Bstj. 4. nóvember 2008

framkvæmdafé náist. Og í ljósi þess vorum við hér, í upphafi þessa fundar í dag, að breyta innkaupareglum borgarinnar þannig að við gætum gengið í þessi verkefni með öðrum hætti en við höfum gert fram að þessu.

Ég vildi bara ítreka það að ástæðan fyrir því að menn eru kannski hugsí og spyrja sig hvers vegna við gerum hlutina með þessum hætti núna er að þetta eru ný vinnubrögð á nýjum tímum. Það er rétt að það komi fram hér líka að þessar upplýsingar og hugmyndir sem fram komu á fundi með Samtökum iðnaðarins eru öllum borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum ekki ókunn vegna þess að á starfsdegi framkvæmda- og eignaráðs á föstudaginn var var málið lagt upp með nákvæmlega þessum hætti þannig að það ætti að minnsta kosti ekki að koma þeim fulltrúum minnihlutans á óvart sem sitja þar í ráðinu en ég vísa því svo bara til þeirra að koma þeim upplýsingum áfram til sinna manna.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég var rétt í þessu að lesa frétt frá Faxaflóahöfnum þess efnis að það væri búið að semja við starfsfólk Faxaflóahafnar og ég tel það vera mikið gleðiefni og ég vona að borgin drífi í því að semja við starfsfólk borgarinnar. Við höfum ekki efni á átökum á því sviðinu. En ég þakka fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur farið fram. Staða heimilanna og líðan borgarbúa nú eru alvöru mál sem bregðast þarf við og það er verið að gera. Fjárhagsáætlunarvinnan og starf aðgerðahópsins miða náttúrulega öll að því.

Ég stóð í þeirri meiningu að þar til drög að fjárhagsáætlun birtast, sem gerist í þessari viku eða næstu, væntanlega, væri þverpólitískur aðgerðahópur að starfa á vegum borgarstjórnar og þar til að hann hefði komist að niðurstöðu um hvað væri sátt um og hvað ekki ákvað ég að vera ekki að koma með formlegar tillögur um mál sem koma starfshópnum við. Í þeim anda var þrýðisgóð ræða Sóleyjar Tómasdóttur og sú umræða sem var um jafnréttismálin. Í ræðu minni reyndi ég að brýna borgarfulltrúa og ekki síst þá sem sæti eiga í aðgerðahópnum til dáða hvað varðar válega stöðu reykvískra heimila almennt.

Ég gerði það í kurteisisskyni við aðgerðahópinn að beina óformlegum tillögum til hans frekar en að vera hér með formlegar tillögur. Fyrir utan almenna brýningu um að staðinn verði vörður um velferðarmálin almennt lagði ég til að aðgerðahópurinn hugi nú þegar að því að samráð verði haft við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um húsnæðismál. Þegar verði hugað að því að atvinnulausir fái frítt í sundlaugar og að sá hópur fái jafnframt að nota almenningsvagna án þess að borga fyrir það. Ég vona að það verði tekið tillit til þessara tillagna þó svo að þær hafi ekki verið bornar undir atkvæði hér.

Hvað varðar orð borgarstjóra hér áðan um ræðu mína, þá er það náttúrulega matsatriði hvenær samfélag er í rúst og hvenær samfélag ekki er í rúst. Þeir sem ábyrgðina bera vilja eðlilega gera lítið úr vandanum. Það er hins vegar staðreynd að fjölmargir hafa misst aleiguna í bankagjaldþrotum, að nánast allir lífeyrisþegar hafa misst drjúgan hluta tekna sinna, að margir eru að missa húsnæði sitt og líta má svo á að húsnæðismarkaðurinn sé að vissu leyti hruninn. Að fjöldaatvinnuleysi

Bstj. 4. nóvember 2008

er í uppsiglingu og staðreyndin er sú, borgarstjóri, að tekjur heimilanna eru að minnka. Líka hjá þeim sem halda vinnunni.

Alþýðusamband Íslands samdi fyrir 90.000 félagsmenn fyrir örfáum mánuðum síðan. Hæstu laun samkvæmt þeim samningum eru 225.000 krónur á mánuði og þau lægstu um 140.000 að ég held. Á þeim launum eru margir borgarstarfsmenn svo sem. En það er líka staðreynd að mikið úr þessum hópi var yfirborgaður. Ekki síst í byggingariðnaðinum, ekki síst á hæstu töxtunum. Það er verið að draga þessi laun niður, það er verið að taka fólk niður á taxtana. Það á eftir að hafa áhrif á tekjur heimilanna. Auðvitað stendur ýmislegt eftir af samfélaginu. Sem betur fer. Og það er svo sem ekki alveg hrúnið þannig að það má vel vera að ég hafi tekið of sterkt til orða. En í hinu felast líka tækifæri og það var kannski það sem ég var að reyna að segja. Það eru ákveðin tækifæri sem felast í þeirri stöðu sem er í dag og þau eru um það að byggja upp sanngjarnara samfélag. Við höfum tækifæri til þess núna.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

3. mál Umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég, eins og borgarfulltrúinn, þakka fyrir umræðuna, held að hún hafi verið góð og gagnleg. Við vorum að ræða það hérna frammi áðan að kannski væri eins og við værum búin að ganga í gegnum svona fjórar umræður af svipuðum toga í dag hér í borgarstjórn en samt er það nú þannig eins og einn borgarfulltrúinn sagði að það er eiginlega ekki hægt að tala um nokkuð annað þannig að það er nú svona sú staða sem blasir við okkur öllum og þess vegna held ég að það sé nú ekki alveg rétt hjá borgarfulltrúanum að menn séu ekki að horfast í augu við ástandið, ég held að við séum öll að horfast í augu við ástandið og gerum okkur alveg grein fyrir því og ég held að það sé rétt hjá borgarfulltrúanum að hann hafi tekið svona fullkröftuglega til orða en það er bara eins og gengur og gerist við þessar aðstæður.

Ég held nefnilega, að það sé svo mikilvægt í þessu, borgarfulltrúi, þegar við ræðum þetta, að hér hefur sannarlega orðið mikil breyting á efnahagsumhverfi okkar og atvinnuumhverfi og við erum sannarlega að fara að ganga í gegnum erfiða tíma en samfélag sem hefur á að skipa þeim traustu innviðum sem við höfum, góðu heilbrigðiskerfi, góðri velferðarþjónustu, góðu menntakerfi, samfélag sem er stútfullt af kröftugu, ungu fólki og hefur öll tækifæri til þess að gera stórkostlega hluti, það er ekki samfélag í rúst. Það er bara það sem ég vildi áréttta og heyri að borgarfulltrúinn kinkar kolli þannig að við erum greinilega alveg sammála.

En ég vildi bara ítreka það að ég tel að það sé mjög mikilvægar margar af þeim spurningum sem borgarfulltrúinn bar hér upp og geri það að tillögu minni án þess að það sé formleg afgreiðsla og virði það við borgarfulltrúann að vinna þetta með þessum hætti því þannig erum við að vinna inni í aðgerðahópnum að þeim sé bara vísað til meðferðar í aðgerðahópnum og við hljótum að taka þær upp eins og allar aðrar góðar áminningar til okkar og setja það í einhvern þann farveg að allir séu sáttir við það.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðum þá lokið um þennan lið. Þá er tekinn fyrir 4. liður á

Bstj. 4. nóvember 2008

útsendri dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 23. október, fundargerð borgarráðs frá 30. október. Þar er einn liður, 13. liður sem þarf að samþykka hér í borgarstjórninni. Borgarstjóri, hæstvirtur, tekur til máls.